

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum.

Óeiniilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

**6. gr.**

Aðalfund skal halda í marz mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá og arðskrá, fundargerðir og bréf.

**8. gr.**

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

**9. gr.**

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkv. XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Sektir renna í rikissjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. apríl 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnhildar Magnúsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 28. apríl 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar sál. Magnúsdóttur  
frá Litlabæ, sem andaðist 9. maí 1937.

**1. gr.**

Sjóðurinn heiti: „Minningarsjóður Ragnhildar Magnúsdóttur“.

**2. gr.**

Sjóður þessi er stofnaður með 600 króna gjöf frá Helga Sigvaldasyni, samkvæmt gjafabréfi, dags. 9. maí 1938.

**3. gr.**

Stjórn sjóðsins skulu skipa á hverjum tíma:

Prófastur, sóknarprestur og sóknarnefndarformaður að Kálfatjarnarsókn. Heimilt skal og þeim þrem stjórnarmönnum að kjósa sér meðstjórnarmann, einhvern af nánustu niðjum sjóðstofnandans. Skal prófastur vera formaður stjórnarinnar, en að öðru leyti skipti hún sjálf með sér verkum.

**4. gr.**

Sjóðurinn tekur við minningargjöfum um látna menn, konur sem karla, og skal sjóðstjórnin sjá um að hafa til minningarspjöld í því skyni. Þá tekur og sjóðurinn við áheimum og hvers konar gjöfum frá öllum, er vilja styrkja hann.

Gjaldkeri skal halda skrá yfir allar minningargjafir um látna menn, þar sem getið sé dánardags þeirra og fleira, ef óskað er. Einnig skal hann bókfæra áheit og aðrar gjafir til sjóðsins.

**5. gr.**

Tilgangur sjóðsins skal vera:

Að hlynna að góðu viðhaldi Kálfatjarnarkirkju og/eða kirkjumunum, á hvern þann hátt, sem sjóðstjórnin telur nauðsynlegt og hagkvæmast á hverjum tíma.

**6. gr.**

Úr sjóðnum skal ekkert fé greiða, nema það sem nauðsynlegt er vegna hans sjálfs, svo sem ritföng, útgáfu minningarspjalda o. fl., þangað til hann er að upphæð orðinn kr. 2 000.00 — tvö þúsund krónur —. Þá má verja úr honum  $\frac{1}{4}$  ársvaxta til framkvæmda þess, er getur í 5. gr.

Einn fimmta hluta ársvaxta og árleg innlög í sjóðinn má aldrei skerða, heldur leggist þær upphæðir við höfuðstólinn, og verður sjóðstjórnin að sjá svo um, að innan hvers tíu ára tímabils, frá því að sjóðurinn hefur náð þeirri áskildu upphæð, að úr honum megi nota hluta af vöxtunum, verði þær athafnir framkvæmdar, sem sú upphæð stent.

**7. gr.**

Ávaxta skal fé sjóðsins á þann hátt, sem stjórn hans telur tryggast og hagkvæmast.

**8. gr.**

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, sem og allar fundarsamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Þá ber henni einnig að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikning hvern. Henni ber enn fremur að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önnur skilríki á öruggum stað.

**9. gr.**

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og ber gjaldkera að gera reikning yfir tekjur hans og gjöld, árlega fyrir janúarmánaðarlok. Reikningur sjóðsins skal endurskoður af tveim mönnum, sem kosnir skulu árlega á viðkomandi safnaðarfundi.

**10. gr.**

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

**11. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**12. gr.**

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnhildar Magnúsdóttur nr. 52 frá 20. júní 1938.